



Kjarasamningur 2019-2023



Takið þátt í
rafrænni atkvæðagreiðslu
19. - 26. mars
(sjá nánar á baksíðu)



SGS
Starfsgreinasamband Íslands

18 aðildarfélög Starfsgreinasambands Íslands hafa undirritað nýjan kjarasamning við fjármála- og efnahagsmálaráðherra f.h. ríkissjóðs, með fyrirvara um samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu. Samningurinn gildir frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2023.

AFL starfsgreinafélag	Verkalýðsfélag Grindavíkur
Aldan stéttarfélag	Verkalýðsfélagið Hlíf
Báran stéttarfélag	Verkalýðsfélag Snæfellinga
Drífandi stéttarfélag	Verkalýðsfélag Suðurlands
Eining-löjla	Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Framsýn stéttarfélag	Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur
Stéttarfélag Vesturlands	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis
Stéttarfélagið Samstaða	Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis
Verkalýðsfélag Akraness	Verkalýðsfélag Þórshafnar

Launahækkanir

Mánaðarlaun hækka sem hér segir á samningstímanum:

1. apríl 2019	Laun hækka um 17.000 kr.
1. apríl 2020	Laun hækka um 24.000 kr. fyrir launaflokka 1-17 og um 18.000 kr. fyrir hærri launaflokka.
1. janúar 2021	Ný launatafla tekur gildi.
1. janúar 2022	Laun hækka um 17.250 kr.

Samningurinn gildir frá 1. apríl 2019 og verða laun gerð upp afturvirkir frá þeim tíma. Minnt er á að félagsmenn fengu innágreiðslu á væntanlegan samning 1. september 2019, að fjárhæð 105.000 kr.

Persónuuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) er greidd út 1. desember ár hvert.

1. desember 2019	92.000 kr.
1. desember 2020	94.000 kr.
1. desember 2021	96.000 kr.
1. desember 2022	98.000 kr.

Orlofsuppbót

Orlofsuppbót er greidd út 1. júní ár hvert.

1. júní 2019	50.000 kr.
1. júní 2020	51.000 kr.
1. júní 2021	52.000 kr.
1. júní 2022	53.000 kr.

Orlof

Lágmarksorlof hjá öllum starfsmönnum verður 30 dagar.

Vinnutímabreytingar

Dagvinnufólk

Heimilt er að stytta vinnuvikuna um að allt að fjórar klukkustundir á viku þannig að vinnuvikan verði 36 vinnustundir. Nánari útfærsla á hverjum vinnustað fyrir sig.

Vaktavinnufólk

Vinnuvikan styttist að lágmarki úr 40 í 36 virkar vinnustundir. Viðbótarstytting í allt að 32 vinnustundir er möguleg og grundvallast af mismunandi vægi vinnustunda.

Í nýju launamyndunarkerfi fjölga vaktaálagflokum og greiddur er sérstakur vaktahvati sem tekur mið af fjölbreytileika og fjölda vakta.

Breytingar taka gildi 1. maí 2021. Ýtarlegar upplýsingar um vinnutímabreytingar skv. samningnum má finna á heimasíðu SGS (sgs.is).

Yfirvinna

Grein 1.4.1 um yfirvinnu breytist þann 1. október 2020 og verður svo hljóðandi:

Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2.

Tímakaup **yfirvinnu 1** er **0,9385%** af mánaðarlaunum en tímakaup **yfirvinnu 2** er **1,0385%** af mánaðarlaunum.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1:	Kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.
Yfirvinna 2:	Kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.
Yfirvinna 2:	Kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram 40 stundir á viku (173,33 stundir miðað við meðalmánuð).

Vörpun í nýja launatöflu

1. janúar 2021 tekur gildi ný launatafla sem byggir á álagsprepum í stað aldurþrepa. Til að auðvelda vörpun í nýja launatöflu er heimilt að ráðstafa allt að 142 milljónum vegna yfirfærslunnar ár hvert.

Endurnýja þarf jafnframt alla stofnanasamninga og röðun starfa. Tryggt er að enginn lækki í launum við vörpunina.

Information in English
are available on
www.sgs.is and
unions' websites.

Hagvaxtarauki

Á árunum 2020-2023 komi til framkvæmdar launaauki á grundvelli þróunar vergrar landsframléiðslu á íbúa.

Verg landsframléiðsla á hvern íbúa, hækkun milli ára	Launaauki á mánaðarlauna-taxta kjarasamninga	Launaauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu
1,0 til 1,50%	3.000 kr.	2.250 kr.
1,52 til 2,00%	5.500 kr.	4.125 kr.
2,01 til 2,50%	8.000 kr.	6.000 kr.
2,51 til 3,00%	10.500 kr.	7.875 kr.
> 3,0%	13.000 kr.	9.750 kr.

Forsendur kjarasamninganna

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra, svo sem vegna hagvaxtarauka, skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

Verði kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum samningsaðila heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Rafræn atkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn er rafræn og hefst fimmtudaginn 19. mars kl. 12:00 og lýkur fimmtudaginn 26. mars kl. 16:00. Ýtarlegar upplýsingar er að finna á heimasíðu SGS (sgs.is) og einnig á heimasíðum einstakra félaga. Boðið verður upp á atankjörfundaratkvæðagreiðslu hjá hverju félagi fyrir sig.



Starfsgreinasamband
Íslands

STARFSGREINASAMBAND ÍSLANDS | GUÐRÚNARTÚNI 1 | 105 REYKJAVÍK

SÍMI: 562 6410 | SGS@SGS.IS | WWW.SGS.IS